

## Svar

### mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Ásgerði K. Gylfadóttur um stuðning við unglíngalandsmót UMFÍ.

1. *Með hvaða hætti styður ráðuneyti íþróttamála sveitarfélög og ungmennafélög sem taka að sér unglíngalandsmót UMFÍ sem haldið er um verslunarmannahelgi ár hvert?*

Áður en núgildandi íþróttalög, nr. 64/1998, tóku gildi árið 1998 bar mennta- og menningarmálaráðuneyti skylda til að koma að byggingu íþróttamannvirkja í landinu skv. 5. gr. eldri íþróttalaga frá 1956. Alþingi veitti þá fé í íþróttasjóð sem veita átti til byggingar íþróttamannvirkja. Með breytingum á íþróttalögum 1998 var ábyrgð og uppbygging íþróttamannvirkja færð til sveitarfélaga, sbr. 7. gr. laganna, og hlutverki íþróttasjóðs breytt, sbr. 8. gr. Breytingar þessar áttu rætur að rekja til laga nr. 87/1989, um breytingu á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Sveitarfélög og íþróttasambönd héldu þó áfram að sækja um fé til fjárlaganefndar til uppbyggingar íþróttamannvirkja, m.a. í tengslum við landsmót UMFÍ. Margvíslegir styrkir til sveitarfélaga og íþróttasambanda til uppbyggingar íþróttamannvirkja hafa verið veittir af fjárlaganefnd síðustu tvo áratugi og hefur ráðuneytið fengið þá til afgreiðslu. Árlegir styrkir til slíkra verkefna frá fjárlaganefnd hafa verið mismunandi á milli ára.

Árið 2012 ákvað Alþingi að það fé sem fjárlaganefnd hafði áður veitt til ýmissa uppbyggingarverkefna yrði fært til ráðuneytisins og auglýst yrði eftir umsóknum. Ákveðið var að styrkupp hæð það ár yrði 25 millj. kr. Með þessu þá gafst fleirum en UMFÍ tækifæri á að sækja um styrk vegna uppbyggingar mótsstaða og einnig hafa fleiri tegundir móta verið styrkt, t.d. skátamót, Íslandsmeistaramót í golfi og önnur mótssvæði sem ekki höfðu verið styrkt af fjárlaganefnd í sama mæli og mót UMFÍ. Heildarupp hæðin sem úthlutað er árlega af ráðuneytinu hefur lækkað undanfarnin ár vegna aðhaldskröfu en unglíngalandsmót hafa verið styrkt árlega af þessu fé.

2. *Er ákveðin lágmarksupphæð ætluð til unglíngalandsmóts UMFÍ ár hvert?*

Engin ákveðin lágmarksupphæð er sérstaklega ætluð til unglíngalandsmóts UMFÍ. Þegar tekin er ákvörðun um stuðning er horft til þess hvort styrkur hafi áður verið veittur til uppbyggingar mannvirkja á sama stað. Mótahald UMFÍ hefur aukist á undanförunum árum og oftar en ekki er sótt um til Landsmóts UMFÍ, unglíngalandsmótsins og Landsmóts 50+ (fyrir keppendur 50 ára og eldri) sem yfirleitt eru haldin hvert á sínum stað, utan nokkurra tilfella þegar um sama mótsstað er að ræða. Ekki er ákveðin fyrir fram upphæð styrkveitingar þar sem um er að ræða sjóð með umsóknarferli og helgast styrkupp hæðir af því fé sem er til úthlutunar hverju sinni, fjölda umsókna og hvaða verkþætti er unnt að styrkja á viðkomandi stað. Hér ber að hafa í huga að ekki er stutt við tímabundnar framkvæmdir sem þurfa að fara fram á mótsstað heldur eru varanlegar framkvæmdir styrktar.

3. *Hvernig hefur þróunin verið sl. 20 ár í styrkveitingum vegna unglíngalandsmóts UMFÍ? Svar óskast sundurliðað eftir árum, sveitarfélögum og ungmennafélögum.*

Unglíngalandsmót UMFÍ byrjuðu árið 1992 á Dalvík og voru haldin annað eða þriðja hvert ár í upphafi. Eftir mótið árið 2002 í Stykkishólmi hafa þau verið haldin á hverju ári. Í töflu hér að neðan má sjá styrkveitingar til unglíngalandsmóta síðustu 20 ár. Hér ber að hafa í huga að stundum eru styrkir ekki veittir á sama ári og mótið er haldið og í öðrum tilfellum eru styrkir einnig til Landsmóts UMFÍ, hafi það farið fram á sama stað og unglíngalandsmótið. Styrkir hafa þá stundum verið veittir í tvö ár á fjárlögum. Til viðbótar hefur fjárlaganefnd einu sinni (árið 2016) ákveðið styrk vegna unglíngalandsmóts frá árinu 2012.

<b>Mót</b>	<b>Ár</b>	<b>Styrkupphæð</b>
Unglíngalandsmót UMFÍ í Vesturbyggð og Tálknafirði	2000	5 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ í Stykkishólmi	2002	10 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ á Ísafirði	2003	10 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki (styrkur einnig vegna Landsmóts sama ár)	2004	55 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ í Vík í Mýrdal	2005	25 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ í Þingeyjarsveit	2006	25 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði	2007	25 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn	2008	30 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ í Grundarfirði (mót fært á Sauðárkrók)	2009	30 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ í Borgarnesi	2010	5 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum	2011	18,2 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ á Selfossi (styrkur einnig vegna Landsmóts sama ár)	2012	23 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði	2013	5 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ á Sauðárkróki	2014	7,5 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ á Akureyri	2015	8,3 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ í Borgarnesi	2016*	20 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ á Egilsstöðum	2017	5 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ í Þorlákshöfn	2018	5 millj. kr.
Unglíngalandsmót UMFÍ á Höfn í Hornafirði	2019	4,5 millj. kr.
<b>Samtals</b>		<b>316, 5 millj. kr.</b>

\*Styrkur ákvarðaður af fjárlaganefnd 2016.